

HVERFISRÁÐ LAUGARDALS

Ár 2018, mánudaginn 29. janúar kl. 16.00 var haldinn 161. fundur hverfisráðs Laugardals. Fundurinn var haldinn í þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis að Efstaleiti 1. Viðstödd voru: Heiðar Ingi Svansson formaður, Sandra Berg Cepero, Bjarni Jónsson, Kristín Elfa Guðnadóttir, Elín Engilbertsdóttir og Sigurður Þórðarson áheyrnarfulltrúi. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Eyrún Björk Jóhannsdóttir frá Íbúasamtökum Laugardals, Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar og Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer umræða um tónlistarhátíðina Secret Solstice 2018.
Ómar Einarsson tekur særi á fundinum undir þessum lið.
2. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 16. janúar 2018, varðandi breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíku 2010-2030, með drögum að tillögum um markmið um göngugötur í miðborginni.
3. Lögð fram sameiginleg tillaga 3ja hverfisráða um hringakstur strætó um hverfin Samþykkt.
4. Lögð fram umsögn um drög að lýðræðisstefnu Reykjavíkur Samþykkt.
5. Lögð fram ársskýrsla um framvindu lýðheilsuverkefna í Laugardal, Háaleiti og Bústöðum árið 2017.
6. Fram fer umræða um bílastæðavanda við Efstaleiti.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð lýsir yfir áhyggjum af bílastæðavanda við þjónustumiðstöðina og telur brýnt að Reykjavíkurborg leigi a.m.k. 25 bílastæði í bílakjallara RUV-hússins fyrir bíla heimaþjónustunnar.

- kl. 17.44 víkur Bjarni Jónsson af fundinum

Fundi slitið kl. 17.55

Heiðar Ingi Svansson

Sandra Berg Cepero
Kristín Elfa Guðnadóttir

Bjarni Jónsson
Elín Engilbertsdóttir